

Eclipse ehf

Garðabær, 30. október 2025
202509-0169/Á.G.
10.10

**Efni: Umsókn um leyfi - viðburðarhald á friðlýstum svæðum - Snæfellsjökulspjóðgarður -
Tónlistarviðburður í Vatnshelli**

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Eclipse ehf, dagsett 29. september, um leyfi til tónleikahalds inn í Vatnshelli.

Snæfellsjökulspjóðgarður er friðlýstur sbr. [auglýsing nr. 935/2021](#). Óheimilt er að raska gróðri eða trufla dýralíf í þjóðgarðinum. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Allar athafnir og framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, innan þjóðgarðsins eru háðar leyfi Náttúruverndarstofnunar og leyfi sveitarfélagsins Snæfellsbæjar. Starfsemi innan þjóðgarðsins skal vera í samræmi við gildandi atvinnustefnu þjóðgarðsins hverju sinni. Afla skal leyfis Náttúruverndarstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða eða samkomuhalds.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til tónleikahalds í Vatnshelli en tónleikarnir er hluti af sólmyrkvahátíðin Eclipse stendur yfir á Hellisandi. Tónleikarnir verða haldnir 13., 14., og 15. ágúst 2026. 3 til 5 manns munu starfa við viðburðinn og tónleikagestir verða að hámarki 50 manns. Farið verður með lágmarks búnað í hellinn til tónleikahalds sem sagt einfaldur ljósabúnaður, hljóðbúnaður og lítinn hleðslubanka fyrir ljósín. Viðburðurinn fer fram í Bárðarstofu og gestir fylgja ströngum reglum og leiðsögn og verða eingöngu á merktum stígum. Sex þjálfaðir leiðsögumenn fylgja hópnum í hellinn. Tónleikarnir hafa verið útfærðir í góðri samvinnu við rekstraraðila hellisins og ráðgert er að viðburðurinn verði ávallt síðasta ferðin í hellinn umrædda daga. Það verður ekki farið yfir hámarksfjölda gesta sem fara niður í hellinn skv, viðauka við öryggisáætlun og almennar verklagsreglur vegna viðburða í Vatnshelli.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur að verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi og lífríki Vatnshellis sé skilyrðum leyfisins fylgt. Hraunhellar eru viðkvæm svæði og auðvelt að valda óafturkræfum skaða sé ekki gætt að framkvæmdinni. Framkvæmdin hefur ekki neikvæð áhrif á aðra gesti þar sem viðburðurinn mun fara fram í síðustu ferð dagsins og aðrir gestir verða ekki í hellinum.

Niðurstaða og Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Eclipse ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir tónleikahaldi inn í Vatnshelli sbr. lýsingu hér að ofan 13., 14., og 15. ágúst að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Stjórnendur viðburðarins skili til Náttúruverndarstofnunar, a.m.k. viku áður en hann hefst, áætlun um það hvernig staðið verði að framkvæmd hans. Í áætlun skal m.a. koma fram, fjöldi þátttakenda og hvernig staðið verði að frágangi að viðburði loknum.
- Umsækjandi ber ábyrgð á öryggi tónleikagesta og starfsfólks meðan á viðburðinum stendur. Fara skal eftir viðauka við öryggisætlun vegna viðburða í Vatnshelli.
- Aðstandendur viðburðarins tryggi að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi. Einnig að tryggt verði að merkingar og munir sem notaðir voru í tenglum við viðburðinn verði fjarlægðar strax að viðburði loknum.
- Gestir viðburðarins skulu halda sig innan afmarkaða/merktra svæða þar sem umferð er heimil.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Umsækjandi skal fara eftir ákvæðum samnings um atvinnustarfsemi í Vatnshelli hans og Náttúruverndarstofnunar.
- Gestir svæðisins skulu halda sig innan afmarkaðra svæða þar sem umferð er heimil innan hellisins.
- Ef upp koma álitamál um starfsemina skal hafa samband við þjóðgarðsvörð eða Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Engin neysla á mat eða drykk er heimil í hellinum og enginn fær að fara í hann undir áhrifum vímugjafa.
- Að Heildarfjöldi gesta og starfsfólks í hellinum fari ekki yfir 60 manns.
- Að aðrir hlutar hellisins en Bárðarstofa verði ekki nýttir til viðburðarhaldsins.
- Starfsfólk sé nægilega margt og þjálfað til að leiða gesti beint á réttan stað og halda þeim á því afmarkaða svæði sem leyfilegt er að nýta.
- Að lýsing sé lágmörkuð.
- Að hljóðstyrkur tónleikahaldsins sé takmarkaður.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélags fyrir viðburðinum gæti þurft fyrir verkefninu.

Tækifærisleyfi hjá sýslumanni gæti þurft fyrir viðburðinum.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um starfsemi, viðburði, rannsóknir og athafnir er kr. **62.400.** sbr. 7. gr. a. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Ragnhildur Sigurðardóttir
þjóðgarðsvörður

Ármann Guðmundsson
sérfræðingur